

Ferlisritun: **BIRTING**

(publishing)

Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

Um birtingu

Fimmti og síðasti hluti ritunarferilsins er útgáfa eða birting ritunarinnar. Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að rithöfundar hafi tilgang með skrifum sínum og hafi væntanlega lesendur (eða áheyrendur) í huga þegar þeir semja textann sinn. Rannsóknir hafa sýnt að þegar nemendur skrifa fyrir raunverulega lesendur þá leggja þeir meira á sig við ritunina, ritunin verður betri bæði varðandi skipulag og innihald texta, og næstum 40% lengri heldur en þegar þeir skrifa eingöngu fyrir kennarann sinn.

Þegar textinn er síðan fullunninn er komið að birtingu hans en þá uppsker textasmiðurinn árangur erfiðis síns. Margs konar birtingarform eru í boði fyrir nemendur í dag og möguleikarnir nánast ótakmarkaðir með tilkomu internetsins.

Markmið

- Að nemendur hafi tilgang með textaskrifum sínum.
- Að nemendur vandi sig í textaskrifum.
- Að nemendur fái að uppskera árangur erfiðis síns.

Framkvæmd

Ákvörðun varðandi það hvernig ritunarsmíð nemenda er birt er byggð á mörgum ólíkum þáttum. Aldur nemenda og textagerð spilar auðvitað ákveðinn þátt en kennarar ættu jafnframt að huga að áhuga og skoðun nemenda hvað þetta varðar. Kennarar ættu að kynna sem flestar útfærslur fyrir nemendum og leyfa þeim að birta texta sína á ólíkan hátt yfir skólaárið. Hér að neðan eru nokkrar útfærslur en listinn er alls ekki tæmandi.

Útfærslur

Rithöfundastóll – Ekki flókin hugmynd í framkvæmd en virkar mjög vel fyrir yngri nemendur. Stól af stærri gerðinni er komið fyrir í kennslustofunni og oft er hann merktur sérstaklega og/eða skreyttur (sláið inn í leitarforrit „Author´s Chair“) þannig að hann vekir eftirtekt nemenda. Fyrir framan stólinn verður að vera pláss fyrir nemendur til að safnast saman og hlusta á þann sem situr í rithöfundastólnum hverju sinni. Kennari, í samráði við nemendur, ákveður heppilegan tíma fyrir upplestur en reynslan sýnir að betra er að hafa upplestrana tíða og láta færri höfunda lesa í einu. Ef ritsmíð er löng og vönduð getur verið gott að eftirláta aðeins einum nemanda sviðið.

Heimsóknir – Það getur verið spennandi fyrir nemendur að fá að koma í heimsókn, t.d. í leikskóla, yngri bekkji eða á dvalarheimili, og lesa upp það sem búið er að leggja mikla vinnu í að semja. Fyrirkomulagið krefst örlítills undirbúnings en er vel þess virði, bæði fyrir textahöfundana og áheyrendur.

Bókaútgáfa – Bókaútgáfa er mikið notuð aðferð sem stendur alltaf fyrir sínu. Útgáfuna er hægt að framkvæma með margvíslegum hætti. Gefa má út handskrifað handrit, prenta textann úr tölvu eða setja texta upp í formi rafbókar en til eru mörg smáforrit sem bjóða upp á þann möguleika.

Bæklingagerð – Önnur mikið notuð aðferð sem stendur líka alltaf fyrir sínu. Tilvalið að nota þetta birtingarform þegar nemendur vinna með upplýsingatexta. Hér á það sama við og varðandi bókaútgáfuna; hægt að handskrifa, rita í tölvu og nota ýmis forrit.

Útstilling – Hægt er að nota útstillingu sem birtingarform og margir þekkja það, t.d. í formi texta á veggspjöldum. Útstilling þarf þó ekki að vera í formi veggspjalda því auðveldlega má stilla upp t.d. bókum og bæklingum sem nemendur hafa unnið og þá er gott að huga að því hvar ritverkunum er stillt upp. Ætlunin er að gera ritverkum nemenda hátt undir höfði, leyfa öðrum að njóta þeirra og því veljum við stað þar sem margir koma og setjum upp merkingu þannig að fólk taki eftir að um „sýningu“ á verkum nemenda sé að ræða. Bókasafn, gangar og anddyri skóla eru vinsælir staðir fyrir þessar útstillingar en að sjálfsögðu má fara út fyrir skólann og setja „sýninguna“ upp þar sem fleiri geta notið hennar. Kennarar og nemendur ættu að láta reyna á hugmyndaflug sitt varðandi uppsetningu ritunarverka og benda má á að „leikmunir“ gera oft gæfumuninn varðandi það að grípa athygli fólks. Eins má setja upp auglýsingar til að beina fólki að „sýningunni“.

Skjákynningar – Munnleg kynning flutt með stuðningi af texta og myndum á tjaldi. Tilvalið að nota þetta form birtingar t.d. ef um upplýsingatexta er að ræða. Þetta birtingarform býður upp á tækifæri til að birta teikningar, ljósmyndir, töflur og gröf, hreyfimyndir, myndskreið eða blöndu af þessu öllu samhliða texta. Mörg forrit eru í boði og bjóða flest upp á tilkomumikla flettimöguleika, alls konar grafík og myndræna grunna. Kennari ætti að leiðbeina nemendum með að huga að innihaldi textans fyrst, leiðbeina næst varðandi myndræna uppsetningu og að lokum varðandi kynninguna sjálfa, sem bæði getur verið lesin upp á staðnum eða lesin inn á skjákynninguna.

Útgáfuhátíð – Ein góð leið til að hvetja nemendur í ritun og gera ritun hærra undir höfði er að skipuleggja útgáfuhátíð! Útgáfuhátíðin er þá ákveðin með góðum fyrirvara og markar lok tímabils (oft 4-6 vikur) þar sem sérstaklega hefur verið unnið með ákveðin ritunatriði eða ákveðið kennslufyrirkomulag eins og t.d. ferlisritun. Á hátíðinni deila nemendur lokaafurð sinni formlega með gestum, hvort sem valið er að nemendur lesi textann sinn upp, hann sé til sýnis eða hvort tveggja. Eins er kennurum í sjálfsvald sett hvort þeir kjósa að hafa hátíðina lágstemmda eða gera meira úr henni; t.d. með því að senda út boðskort, skreyta skólastofuna, klæða sig í betri fötin og bjóða upp á veitingar. Óháð því hvaða leið er farin í þessum efnum þá er markmiðið alltaf það að nemendur fyllist stolti yfir textasmíð sinni og hafi ánægju af því að deila henni með öðrum.

Blogg og heimasíður – Ýmsir miðlar á netinu hafa verið notaðir í kennslu í nokkur ár og blogg og heimasíður eru góð dæmi um það. Ótvíræður kostur varðandi þetta birtingarform er sá að margir geta séð ritunina og eins er hægt að fá viðbrögð við því sem er skrifað ef opið er fyrir athugasemda-kerfi. Þessi kostur er því áhugahvetjandi fyrir unga sem aldna rithöfunda og getur ýtt undir vandvirkni nemenda í ritun. Vissulega geta verið annmarkar á svona birtingu en kennarar þurfa að vera meðvitaðir um þá og fræða nemendur sína um eðli hvors vettfangs fyrir sig.